

## Afdalur

Morgunbirtan vekur dalinn af svefni nætur og mosinn speglar á móti með hjálp daggardropa. Fuglar fljúga um, eins og til að bíða eftir ljóði sem skáld upp við grjót ritar á blað um fuglasöng og veðurbliðu. En ekkert skáld situr upp við stein því dalurinn er afdalur.